

1868.

17. apríl.

sú, sem hún fylgir fram, að stjórnarráðsins hyggju ekki verður notuð, þegar svo stendur á, að þurfamaður er fluttur sjóleiðis, sumpart vegna þess, að orðin „um fleiri sýslur“ eiga við landflutning, sumpart vegna þess, að það getur ekki verið umtalsmál að draga takmarkalínu milli sýslna úti á sjó. Ef að menn þannig hafa fyrir augum dæmi það, sem tekið var fram við umræðurnar á alþingi, að þurfamaður sé fluttur úr Reykjavík sjóveg uppá Akranes í Borgarfjarðarsýslu, eða, eins og ekki er óhugsandi, úr Reykjavík sjóveg norður á Akureyri, þá virðist lagafrumvarpið, eins og alþingi hefir orðað það, ekki hafa neina reglu inni að halda um það, hvernig eigi að jafna kostnaðinum niður, þegar svona stendur á. Af því mundi leiða, að þó að flutningur sjóleiðis sé bæði miklu fljótlegri og ódýrari, mundi það ekki verða notað, heldur mundu menn halda áfram eins og hingað til að flytja þurfamennina landveg hrepp úr hrepp. Ef að því fallizt er á þessa breytingu, en dómsmálastjórninni virtist ekki vera ástæða til að vera henni mótfallin, þá er nauðsynlegt að bæta við ákvörðun um, hvernig eigi að jafna kostnaðinum niður þegar þurfamaður er fluttur sjóveg, og af því að regla sú, sem alþingi stakk uppá, á ekki við þau tilfelli, þókti réttast að halda reglunni í stjórnarfrumvarpinu um það, þannig, að kostnaðinum sé skipt til jafnaðar á sýslur þær, sem í hlut eiga. Að endingu skal þess getið, að ekkert þókti því til fyrirstöðu að lagabóðið fengi gildi 1. júlímán. 1868, eins og alþingi hafði stungið uppá.

19. Bréf dómsmálastjórnarinnar til Deildar hins íslenska bókmenntafélags í Kaupmannahöfn, um styrk til að gefa út Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands.

20. apríl.

Samkvæmt bréfi dómsmálastjórnarinnar 23. aprílmán. 1864 skal það hér með kunngjört Deild hins íslenska bókmenntafélags í Kaupmannahöfn, að stjórnarráðið hefir veitt félaginu

1868. 150 rd. styrk til að halda áfram að gefa út „Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands“, og hefir í dag verið hlutast til, að fæ þetta verði greitt fêhirði deildarinnar, Stephensen etazráði, úr aðalfêhirzlu ríkisins.

1. maí. 20. Samningur milli dómsmálastjórnarinnar og hins sameinaða gufuskipafêlags, um gufuskipsferðir milli Kaupmannahafnar, Færeyja og Íslands.

1. grein.

Vêr undirskrifaðir, „hið sameinaða gufuskipafêlag“, skuldbindum oss til að hafa í fêrum sem póstskip milli Kaupmannahafnar, Færeyja og Íslands, skrúfugufuskip úr fyrsta flokki gufuskipa, sem sê að stærð hêrumbil 400 enskar lestir, og láta það fara árið 1868 fimm, og annars á ári hverju sex, ferðir milli Kaupmannahafnar og Reykjavíkur, samkvæmt reglum þeim, er nákvæmar verða settar hêr í þessum samningi, og skal ferðum þessum hagað eptir áætlun, er gufuskipafêlagið semur fyrir hvert ár, og dómsmálastjórnin eða yfirvald það, er að því leyti kynni að koma í hennar stað, samþykkir. Sê ekki alkunnir viðburðir í náttúrunni því til fyrirstöðu, má aldrei ákveða, að fyrsta ferðin frá Kaupmannahöfn skuli byrjuð seinna en 1. marzmánaðar.

2. grein.

Skipið skal á hverri ferð koma við báðar leiðirnar í Þórshöfn og á Vestmannaeyjum, til að skila af sêr og taka við póstbrêfum og farþegum, á Vestmannaeyjum samt því að eins, að engin töf orsakist af því, og því verði komið við eptir áliti skipstjóra; enn fremur skal komið við báðar leiðirnar á Berufirði eða Eskifirði, á báðum stöðum samt því að eins, að því verði við komið. Geti skipið ekki hættulaust lagt inn í Reykjavík, annaðhvort sökum storma eður annara óumfýjanlegra hindrana, skal skila póstsendingunum í Hafnarfirði, og skulu